

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2018.

Vísað er til meðfylgjandi Stjórnarfrumvarps sem fyrirhugað er að leggja fram fyrir 149. löggjafarþing 2018 – 2019 um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Umbj. minn DISTA ehf. vill koma á framfæri athugasemdum við þá breytingu skv. frumvarpinu á 3. gr. laganna sem er orðuð svo: „*Telji tollstjóri eða ríkisskattstjóri að upplýsingar á umbúðunum séu rangar er þeim heimilt að mæla vínandamagn eða fela það öðrum viðurkenndum aðila og miðast álagning áfengisgjalds þá við niðurstöðu þeirra mælinga.*“

Umbj. minn telur að rétt sé að bæta því við texta frumvarpsins að frávik áfengisstyrkleika frá því sem upp er gefið á umbúðum vöru megi nema þeim áfengisprósentum sem mælt er fyrir um í XII. viðauka reglugerðar nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, án þess að áfengisgjald sé innheimt af þeim áfengisprósentum sem rúmast innan vikmarkanna. Í viðaukanum koma fram leyfileg jákvæð og neikvæð vikmörk fyrir tilgreiningu alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál. Þau gilda með fyrirvara um vikmörk sem miðaðast við greiningaraðferðina sem notuð er til að ákvarða alkóhólstyrkleikann. Sem dæmi þá eru vikmörk fyrir bjór sem hefur alkóhólstyrkleikann 5,5% eða minni styrkleika, 0,5% miðað við rúmmál. Áfengi hefur það eðli að erfitt getur verið fyrir framleiðendur áfengis að gæta þess að varan innihaldi nákvæmlega þann áfengisstyrkleika sem upp er gefinn á umbúðum áfengra drykkja og því ber nauðsyn til að heimila ákveðið svigrúm án þess að innflytjanda eða framleiðanda sé refsað fyrir þá prósentu sem umfram er uppgefinn áfengisstyrkleika. Að sama skapi hlyti ríkissjóður að endurgreiða umbjóðanda mínum ef áfengið sem sé rannsakað er lægra en uppgæfið er á umbúðum.

Umbjóðandi minn telur einnig að í stað þess að senda sýnishorn til rannsókna geti tollstjóri óskað eftir vöruvottun frá framleiðanda/innflytjanda tengdu lotunúmeri þeirrar vöru sem embættið vill skoða til að fá staðfestingu á að varan sé með réttum áfengisstyrk með þeim frávikum sem leyfð eru í XII. viðauka reglugerðar nr. 1294/2014. Geti innflytjandi ekki útvegað slíkt vottorð eða að tollstjóri telji vottorð ekki gefa réttar upplýsingar geti tollstjóri látið rannsaka áfengisstyrk vörunnar og innheimt kostnað ef áfengisstyrkur er utan vikmarka miðað við áðurnefnd ákvæði matvælaeglugerðarinnar. Æskilegt væri að ráðherra setti í frumvarpið ákveðna hámarksupphæð sem tollstjóra er heimilt að innheimta fyrir hverja rannsókn og innheimta kostnaðar fari aldrei fram úr staðfestum kostnaði viðurkenndrar rannsóknarstofu skv. reikningi.

Umbjóðandi minn vill koma því á framfæri að mikilvægt er að fráviksmörk áfengisstyrkleika sem gefin eru upp í XII viðauka reglugerðar nr. 1294/2014 séu samræmd í allri stjórnsýslunni.

Umbj. minn vill jafnframt koma því á framfæri að heimildin, skv frumvarpinu, til endurálagningar áfengisgjalds er mjög óskýr og óafmörkuð þar sem ekki er tilgreint hvaða magn áfengis tollstjóri eða ríkisskattstjóri megi áætla að sé með annan áfengisstyrkleika en þau sýni sem mæld verða. Vel er mögulegt að í stórum sendingum áfengis sé breytilegur áfengisstyrkleiki frá einni framleiðslulotu, sömu vöru, til annarar og því getur lagaákvæði af þessu tagi orðið tilefni endalausrar þrætu sé það svo óafmarkað sem lagt er til í frumvarpinu.

Að lokum telur umbj. minn að ef vilji löggjafans sé að hækka áfengisgjald þá sé réttur tími til slíks um áramót. Er það tillaga umbj. míns að ákvæði 3. gr. öðlist ekki þegar gildi eins og frumvarpið kveður á um heldur þann 1. janúar 2019.

Virðingarfyllst,



Stefán Geir Þórisson hrl.

Afrit:

Formaður Efnahags- og viðskiptanefndar

Óli Björn Kárason

-----

Eftirlitsstofnun EFTA

## REGLUGERÐ

### um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2014, frá 1. nóvember 2014, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004.

#### 2. gr.

##### *Fylgiskjöl.*

Ofangreind reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

##### *Tungumál.*

Upplýsingar um matvæli skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku. Heimilt er að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.

Þrátt fyrir 1. mgr. er skylt að nota íslensku við merkingar viðbótarupplýsinga á drykkjarvörur sem innihalda mikið af koffíni eða matvæli með viðbættu koffíni, sbr. 4. tl. í III. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011.

#### 4. gr.

##### *Nettómagn.*

Nettómagn matvæla, skv. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011, skal vera sem hér segir:

- Nákvæmt magn: Hver eining af vöru er mæld og síðan merkt og verðlögð eftir magni. Krafa um nákvæmni fer eftir kröfum, sem gerðar eru til löggiltra mælitækja til slíkra nota.
- Meðalmagn: Ef framleiðslulotum er pakkað eftir meðalmagni skal fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar, að því er varðar heimilað neikvætt frávik.
- Lágmarksmagn: Tilgreina skal sérstaklega að um lágmarksmagn sé að ræða með merkingunni „a.m.k.“ eða „minnst“ á undan nettómagni á hinni forpökkuðu vöru.

#### 5. gr.

##### *Geymsluskilyrði.*

Geymsluskilyrði kæli- og frystivara og merkingar þeirra skulu vera með eftirfarandi hætti:

- Kælivörur skal geyma við +4°C hitastig eða kaldara og merkja „KÆLIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera 0-4°C (t.d. „KÆLIVARA, 0-4°C“).
- Frystivörur skal geyma við -18°C hitastig eða kaldara og merkja „FRYSTIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera -18°C (t.d. „FRYSTIVARA, -18°C“).

Heimilt er að merkja önnur geymsluskilyrði.

*XII. VIDAUKI***ALKÓHÓLSTYRKLEIKI**

Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál fyrir drykkjarvöru sem inniheldur meira en 1,2% alkóhól miðað við rúmmál skal gefinn upp með tölu með ekki meira en einum aukastaf. Á eftir henni skal koma táknið „% vol.“ og á undan má koma orðið „alkóhól“ eða skammstöfunin „alk.“.

Ákvarða skal áfengisstyrkleikann við 20 °C.

Leyfileg jákvæð og neikvæð vikmörk fyrir tilgreiningu alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, gefin upp sem algildi, skulu skráð í töfluna hér á eftir. Þau gilda með fyrirvara um vikmörk sem miðast við greiningaraðferðina sem er notuð til að ákvarða alkóhólstyrkleikann.

| Lýsing á drykkjarvörunni  | Jákvæð eða neikvæð vikmörk |
|---|----------------------------|
| 1. Bjór með SN-númerið 220300 sem hefur alkóhólstyrkleikann 5,5% eða undir, miðað við rúmmál; ófeyðandi drykkjarvörur sem falla undir SN-númerið 220600 og fengnar eru úr þrögum  | 0,5% miðað við rúmmál      |
| 2. Bjór með alkóhólstyrkleika yfir 5,5% miðað við rúmmál; freyðandi drykkjarvörur sem falla undir SN-númer 220600 og eru fengnar úr þrögum, eplasítri, perusítri, ávaxtavín og svipaðar afurðir, fengnar úr aldinum öðrum en þrögum, hvort sem þær eru hálfreyðandi eða freyðandi; mjóður | 1% miðað við rúmmál        |
| 3. Drykkjarvörur sem innihalda uppbleytt aldin eða plöntuhluta  | 1,5% miðað við rúmmál      |
| 4. Aðrar drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2% af vinanda miðað við rúmmál  | 0,3% miðað við rúmmál      |